

**Til:**

Velferðarráð Reykjavíkur

Sent í tölvupósti á: velferd@reykjavik.is

Afrit sent á: Heiða Björg Hilmarsdóttir, hbh@reykjavik.is

8. desember 2019

Umsókn um styrk til ráðgjafar-, rekstrar og uppbyggingar þjónustu á sviði félags- og velferðarmála

Upphæð sem sótt er um: 2.000.000 kr.

Umsækjandi Rótin - félag um málefni kvenna 500513-0470 0101-26 011472 Reykjabyggð 34 270 Mosfellsbær 270 rotin@rotin.is 8939327	Ábyrgðarmaður: Kristín I. Pálsdóttir, verkefnisstjóri 260464-7799 stinapals@simnet.is sími: 8939327
-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Heiti verkefnis

Ráðgjöf, rekstur og uppbygging þjónustu fyrir konur með vímuefnavanda og áfallasögu.

Verkefnið í hnotskurn

Rótin hefur aukið mjög þjónustu félagsins á árinu, bæði með auknu starfi leiðsagnarhópa, námskeiða og einstaklingsráðgjafar.

Verkefnislýsing

Á liðnu ári hefur Rótin aukið mjög þjónustu félagsins við konur með áfallasögu og/eða vímuefnavanda. Haustið 2018 byrjuðum við að bjóða upp á leiðsagnarhópa (ens. *psychoeducational groups*) sem byggjast á þýddu gagnreyndu efni sem Rótin hefur þýtt en höfundur þess er dr. Stephanie Covington sem er einn helsti sérfræðingur heims í vanda kvenna með áfallasögu og vímuefnavanda. Hóparnir hittast 17 sinnum í einn og hálfan tíma í senn og eru tveir fagmenntaðir leiðbeinendur í hópunum. Einnig hefur félagið boðið upp á námskeiðið „Áföll – Leiðir til bata“ sem er 6 skipta, 90 mínútna námskeið fyrir konur með áfallasögu, einnig gagnreynt efni frá dr. Covington og faglegir leiðbeinendur á námskeiðinu. Þá hefur félagið einnig þróað tvö námskeið fyrir konur með ofbeldissögu og haldið námskeiðið „Þú ert ekki ein“ tvisvar og námskeiðið „Að segja frá“ einu sinni. Þá hefur félagið boðið upp á leiddan sjálfshjálparhóp frá áramótum sem fer ört vaxandi.

Í gegnum þetta starf hefur orðið ljóst að mikil þörf er fyrir einstaklingsbundna þjónustu, eins og vænta má með þann hóp sem kemur á námskeiðin, en rík áhersla er á að konurnar deili eingöngu því



sem þær vilja í hópastarfi. Ráðgjafi félagsins hefur þegar tekið til starfa í Bjarkarhlíð en mjög gott samstarf er við Bjarkarhlíð þar sem félagið hefur fengið inni fyrir áðurgreinda starfsemi.

Markmið verkefnisins

Róttin býður konum með vímuefnavanda og/eða áfallasögu þjónustu sem er örugg, nærgætin og byggist á samkennd til að styðja þær í því að endurheimta styrk sinn, sjálfstæði, að byggja upp aukna samskiptafærni og skilning á stöðu sinni sem konur í samfélagi þar sem enn ríkir mikið misrétti á milli kynja, ekki síst jaðarsettum konum. Allt starf félagsins byggist á styrkleikanálgun, samkenndarnálgun, er áfallamiðað og stuðlar að auknu jafnrétti (ens. *gender transformative*).

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Nær eingöngu konur

Hverjir munu vinna að verkefninu?

Aðallega konur

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda?

Félagið er byggt upp í kringum jafnréttishugsjónina sem er grundvöllur alls sem félagið gerir.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Verkefnið fellur mjög vel að mannréttindastefnunni. Það er knúið af jafnræðisreglunni og stuðlar að auknum mannréttindum kvenna með vímuefnavanda og vinnur gegn kynjamisrétti sem birtist í mismunandi þjónustu kynjanna í málaflokknum. Verkefnið vinnur einnig gegn kynbundnu ofbeldi og styður við fleiri þætti í mannréttindastefnu borgarinnar.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Róttin finnur fyrir mikilli þörf á kynjamiðaðri þjónustu við fólk með fíknivanda. Eftir að félagið byrjaði að bjóða námskeið og halda úti sjálfshjálparhópi höfum við orðið varar við mikla ásókn í þjónustu félagsins og í haust höfum við fundið fyrir stígandi þörf fyrir einstaklingsráðgjöf. Þá eru margar konur sem treysta ekki öðrum úrræðum sem hafa samband við félagið í von um stuðning og meðferð.

Árið 2019 hjá Róttinni

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá Róttinni. Fyrir utan margvíslega uppbyggingu var félagið valið til þátttöku í Snjallræði, hraðal fyrir samfélagslega nýsköpun, sem fram fór í október og nóvember 2019, þar sem félagið fékk tækifæri til að þróa starfsemi sína með færustu sérfræðingum í nýsköpun. Þá var félaginu veitt jafnréttisviðurkenning Jafnréttisráðs í október og þá kom í ljós í nóvember að verkefni sem félagið er aðili að fékk styrk, úr áætlun Evrópuráðsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt, þar sem unnið verður að þjálfun og þekkingaruppbyggingu fólks sem vinnur með konum sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi og glíma við vímuefnavanda.

Upphæð styrks

Óskað er eftir **2.000.000 kr.** styrk frá Reykjavíkurborg vegna ráðgjafarþjónustu, rekstrar og uppbyggingar þjónustu félagsins.



Fjárhagsáætlun 2019

Framkvæmdastjórn og laun

	Verð	Fjöldi	Samtals
Laun verkefnisstjóra, 40% (700.000 mán.) m. launat. gj.	336,000 kr.	12	4,032,000 kr.
Félagsráðgjafi 30% (650.000 mán.) m. launat. gj.	234,000 kr.	4	936,000 kr.
Leiðbeinandi 1 og 2 - 2 X 20% (650.000 mán.) m. launat. gj.	312,000 kr.	9	2,808,000 kr.
Samtals			7,776,000 kr.

Önnur útgjöld

	Verð	Fjöldi	Samtals
Þýðing og önnur vinna við námsefni	8,000 kr.	120	960,000 kr.
Námsgögn og skrifffæri	300,000 kr.	1	300,000 kr.
Kaffi, te	10,000 kr.	12	120,000 kr.
Samtals			1,380,000 kr.

Samtals

Heildarkostnaður

9,156,000 kr.

Virðingarfyllst, fyrir hönd ráðs Rótarinnar,

A handwritten signature in black ink, reading "Kristín I. Pálsdóttir".

Kristín I. Pálsdóttir, talskona